

Nd.

8. Frumvarp til laga

um breyting á og viðauka við námulög, nr. 50 30. júlí 1909.

(Lagt fyrir Alþingi 1939.)

1. gr.

Aftan við 7. gr. námulaganna bætist: enda sé til þess fengið málmgraftarbréf hjá hlutaðeigandi lögreglustjóra, staðfest af atvinnumálaráðuneytinu.

2. gr.

Aftan við 4. mgr. 8. gr. bætist:

Bréfið skal því næst sent atvinnumálaráðuneytinu, er endursendir það lögreglustjóra með áritaðri staðfestingu, ef það telur rétt að veita málmgraftarleyfi. Ráðuneytið getur bundið leyfið þeim skilyrðum, sem það telur þurfa.

3. gr.

Á eftir orðunum „Eigi má“ í upphafi 5. mgr. 8. gr. komi: lögreglustjóri.

4. gr.

Aftan við síðustu málsgr. 8. gr. bætist: þegar ráðuneytið hefir staðfest það.

5. gr.

Eigi má selja eða leigja námuréttindi í landareignum kaupstaða, hreppsfélaga, sjóða né opinberra stofnana, nema til þess sé fengið samþykki atvinnumálaráðuneytisins. Eru allar ráðstafanir í þessu efni ógildar gagnvart eigendum námuréttindanna, þangað til samþykki ráðuneytisins er fengið.

6. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta:

Um frumvarp þetta, sem lagt er fyrir Alþingi samkvæmt 23. gr. stjórnarskrárinnar, vísast til fylgiskjalsins hér á eftir.

Fylgiskjal.

Bráðabirgðalög um breyting á og viðauka við námulög, nr. 50 30. júlí 1909.

Vér Christian hinn Tíundi, af guðs náð konungur Íslands og Danmerkur, Vinda og Gauta, hertogi í Slésvík, Holtsetalandi, Stórmæri, Þéttmerski, Láenborg og Aldinborg,

Gjörum kunnugt: Með því að atvinnumálaráðherra Vor hefir þegnlega tjáð Oss, að ákvæði námulaga nr. 50 30. júlí 1909, séu að ýmsu leyti orðin úrelt og ófullnægjandi, einkum að því er snertir málmgraftarleyfi og ráðstafanir á námuréttindum, sem eru í eign sveitarfélaga eða opinberra stofnana, en hins vegar hætta á að einstaklingar eða félög geti náð haldi á slíkum réttindum eigendum til tjóns, teljum Vér brýna nauðsyn bera til þess að setja samkvæmt 23. gr. stjórnarskrárinnar bráðabirgðalög til umbóta á því, sem mest kallar að í þessu efni.

Fyrir því bjóðum Vér og skipum:

1. gr.

Aftan við 7. gr. námulaganna bætist: enda sé til þess fengið málmgraftarbréf hjá hlutaðeigandi lögreglustjóra, staðfest af atvinnumálaráðuneytinu.

2. gr.

Aftan við 4. mgr. 8. gr. bætist:

Bréfið skal því næst sent atvinnumálaráðuneytinu, er endursendir það lögreglustjóra með áritaðri staðfestingu, ef það telur rétt að veita málmgraftarleyfi. Ráðuneytið getur bundið leyfið þeim skilyrðum, sem það telur þurfa.

3. gr.

Á eftir orðunum „Eigi má“ í upphafi 5. mgr. 8. gr. komi: lögreglustjóri.

4. gr.

Aftan við síðustu málsgr. 8. gr. bætist: þegar ráðuneytið hefir staðfest það.

5. gr.

Eigi má selja eða leigja námuréttindi í landareignum kaupstaða, hreppsfélaga, sjóða né opinberra stofnana, nema til þess sé fengið samþykki atvinnumálaráðuneytisins. Eru allar ráðstafanir í þessu efni ógildar gagnvart eigendum námuréttindanna, þangað til samþykki ráðuneytisins er fengið.

6. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Eftir þessu eiga allir hlutaðeigendur sér að hegða.

Gjört á Sorgenfrihöll, 2. september 1938.

Undir Vor konunglega hönd og innsigli.

Christian R.
(L. S.)

Skúli Guðmundsson.